

## **Stjórnarfundur ÆSKP föstudaginn 7. desember 2012 kl. 14.00 í Neskirkju.**

Mætt voru: Guðrún Karls Helgudóttir, Guðmundur Karl Einarsson og Sigurvin Lárus Jónsson. Framkvæmdarstjóri, Sigríður Rún Tryggvadóttir, sat fundinn.

1. Formaður setti fundinn með orði og bæn.

2. Rætt var um Landsmót ÆSKP sem haldið var 26.-28. október s.l. á Egilsstöðum.

- Í kjölfar tjóna sem upp komu á mótinu lýsti gjaldkeri yfir áhyggjum af tryggingarmálum á Landsmótum. Tjón á húsnæði Egilsstaðaskóla er ekki bætt af tryggingum mótsins og kostnaður við tannskemmdir sem barn hlaut í sundlaug Egilsstaða er ekki heldur bætt. Við athugun kemur í ljós að slys í sundlauginni er ekki á ábyrgð ÆSKP en framkvæmdarstjóri er að styðja við fjölskylduna eftir fremsta megni. Sú staðreynd að trygging okkar nái ekki yfir tjón sem verður á því húsnæði sem við höfum að láni er mikið áhyggjuefni og þarf að endurskoða tryggingamál fyrir næsta Landsmót í kjölfarið. Þau mót sem haldin eru af sambærilegum toga á öðrum vettvangi æskulýðsstarfs hafa notað sömu tryggingu og við höfum keypt.
- Farið var yfir viðbrögð landsmótsnefndar við slysið í sundlauginni og er það samdóma niðurstaða allra að engu hafi verið þar ábótavant. Þórunn Harðardóttir á þakkir skildar fyrir fagleg viðbrögð.
- Gjaldkeri og formaður ætla að ráðfæra sig við lögfræðing biskupsstofu varðandi ábyrgðir og tryggingar á Landsmóti ÆSKP en stærra tjón gæti riðið sambandinu að fullu.
- Framkvæmdarstjóri las upp þakkarbréf sem sambandinu barst frá biskupafundi og metum við það mikils að biskup Íslands og vígslubiskupar skuli styðja tjá þakklæti sitt með þessum hætti.

3. Rætt var um stöðu mála varðandi Landsmót 2013, sem haldið verður síðustu helgi októbermánaðar í Reykjanesbæ.

- Undirbúningur mótsins er á byrjunarstigi. Sóknarprestur, sóknarnefnd og æskulýðsprestur Keflavíkurkirkju hafa samþykkt að halda mótið og Erla Guðmundsdóttir tekur sæti í Landsmótsnefnd fyrir hönd gestgjafa.
- Aðstæður í bæjarfélaginu eru með besta móti.

4. Rætt var um Kirkjuþing unga fólksins 2012.

- Sunna Dóra Möller á þakkir skildar fyrir framkvæmd og ut anumhald á verkefninu.
- Eitt þingmál komst í gegnum kirkjuþing hið háa er varðar öryggi barna og unglinga í kirkjunni og er það fagnaðarefni.

5. Rætt var um komandi leikamannastefnu Þjóðkirkjunnar sem haldin verður í apríl.

- Ákveðið var að framkvæmdastjóri ÆSKP yrði fulltrúi okkar þar.

6. Rætt var um auglýsingu um tilnefningu fulltrúa í Æskulýðsráð mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

- Ákveðið var að tilnefna Sigurvin L. Jónsson og Sigríði Rún Tryggvadóttur.

7. Rætt var um aðalfund ÆSKP og sett bráðabirgðadagsetning 15. febrúar n.k.

- Ákveðið var að hann skyldi haldinn í Neskirkju. Auglýsa þarf aðalfund með minnst þriggja vikna fyrirvara.

8. Easter Course

- Easter Course, námskeið European Fellowship, verður haldið á Íslandi á vegum ÆSKP um páskahelgina á næsta ári. Þórunn Harðardóttir sér um undirbúning fyrir hönd stjórnar. Rætt var um undirbúning viðburðarins.

9. Önnur mál

- Ákveðið var að senda völdum aðilum jólakort með þökkum fyrir framlag þeirra við framkvæmd Landsmóts á árinu.
- Rætt var um styrkjamál en ÆSKP sækir um 2 styrki í æskulýðssjóð.

10. Fundi slitið og ákveðið að næsti fundur yrði föstudaginn 4. janúar.

Fundargerð ritar Sigurvin Lárus Jónsson